

1. UPPLÝSINGAR UM SJÓDFÉLAGA

Nafn	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer og sveitarfélag
Símanúmer	Netfang

2. ÁKVÖRÐUN SJÓDFÉLAGA

Ég óska eftir að ráðstafa valinni prósentu af iðgjaldi í tilgreinda séreign (hámark 3,5%).

1,5% 2,5% 3,5% 0% – ég vil hætta að greiða í tilgreinda séreign

Upplýst samþykki:

Ég geri mér grein fyrir því að með ákvörðun þessari hef ég áhrif á þau réttindi sem iðgjöld mín mynda í A-deild LSR. Með ráðstöfun iðgjalds í tilgreinda séreign í stað samtryggingar ávinnst ekki, hvað þau iðgjöld snertir, réttur til ævilangs lífeyris, makalífeyris né örorkulífeyris, þ.m.t. framreiknings í örorkulífeyri og makalífeyri eða önnur réttindi sem greiðsla í samtryggingu veitir. Ég geri mér jafnframt ljóst að sé ég í jafnri ávinnslu afsala ég mér ávinnslu sem kann að vera til staðar umfram aldurstengda fyrir þann hluta iðgjaldsins sem rennur í tilgreinda séreign. Iðgjöld í tilgreinda séreign eru séreign mín og falli ég frá fellur hún til erfingja minna og skiptist skv. reglum erfðalaga. Þannig er eðlismunur á þeim réttindum sem ég ávinn mér í samtryggingu A-deildar annars vegar og í tilgreindri séreign hins vegar samkvæmt ákvæðum samþykktá sjóðsins eins og þau eru á hverjum tíma.

Lesi má nánar um áhrif ákvörðunar í kafla 5 hér að neðan og á vef LSR.

3. UMSÓKN

- i. Iðgjald í A-deild LSR er 15,5%.
- ii. Af 15,5% iðgjaldi hef ég á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, heimild til að greiða allt að 3,5% iðgjald í tilgreinda séreign.
- iii. Umsókn þessi er gerð á grundvelli laga nr. 129/1997 og samþykktá LSR.
- iv. Ráðstöfun iðgjalds samkvæmt umsókn þessari skal vera framkvæmd eigi síðar en tveimur mánuðum frá móttöku umsóknarinnar.
- v. Heimilt er að breyta efni umsóknarinnar með nýrri umsókn. Slík ráðstöfun breytir ekki ráðstöfun þeirra iðgjalda sem þegar hefur verið ráðstafað með fyrri umsókn.

4. VARSLA OG FJÁRFESTINGARLEIÐ TILGREINDRAR SÉREIGNAR

Inneign sjódfélaga er ávöxtuð samkvæmt fjárfestingarstefnu tilgreindrar séreignar LSR eins og hún er á hverjum tíma. Gildandi fjárfestingarstefna er aðgengileg sjódfélögum á vef LSR.

5. UPPLÝST SAMÞYKKI

Val um það hvort iðgjald skuli renna í tilgreinda séreignardeild í stað samtryggingardeildar er undir ákvörðun sjóðfélaga komið. Með umsókn þessari staðfestir sjóðfélagi að hann hafi kynnt sér þær reglur sem gilda um tryggingavernd í A-deild LSR annars vegar og þær reglur sem gilda um tilgreinda séreignardeild hins vegar. Honum er líka kunnugt um að hann getur fengið nánari upplýsingar varðandi valið hjá starfsfólki sjóðsins.

Til upplýsingar eru hér dregin fram nokkur atriði sem lúta að muni á samtryggingarréttindum annars vegar og tilgreindri séreign hins vegar.

5.1 Réttindi í samtryggingardeild, A-deild LSR:

Með greiðslum iðgjalda aflar sjóðfélagi sér ævilangra réttinda til eftirlauna og örorkulífeyris og maka og börnum sínum rétt til maka- og barnalífeyris eftir því sem kveðið er á um í VI. kafla samþykka sjóðsins og réttindatöflum sjóðsins sem birtar eru í viðauka við samþykktirnar og eru hluti þeirra.

Aldurstengd réttindaávinnsla og verðtrygging réttinda: Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Ávinnsla réttinda fer lækandi með hækkandi aldri sjóðfélaga.

Jöfn réttindaávinnsla: Sjóðfélagar sem eiga rétt á jafnri ávinnslu réttinda í A-deild LSR ávinna sér ávallt sömu réttindi óháð aldri. Í líkri ávinnslu er verðmæti þeirra réttinda sem fást fyrir iðgjaldið alltaf það sama, óháð aldri sjóðfélagans, og fylgja réttindin ákveðnu hlutfalli af meðallaunum. Sjóðfélagar í jafnri ávinnslu eru með ríkulega réttindaávinnslu og fá því sérstakt framlag sem er viðbót við þau réttindi sem aldurstengd ávinnsla hefði gefið. Lækki sjóðfélagi iðgjald sitt í samtryggingarsjóð, lækkar þetta auka framlag til sjóðfélaga hlutfallslega sem því nemur, sjá nánar VII. Kafla samþykka LSR. Sjóðfélögum er bent á að kynna sér þetta efni vel á vefsíðu sjóðsins eða leita upplýsinga hjá skrifstofu hans.

Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af.

Ábending: Þú getur séð hvort þú sért í aldurstengdri eða jafnri réttindaávinnslu á Mínum síðum á lsr.is.

Eftirlaun eru greidd til æviloka. Viðmiðunardur lífeyristöku er 67 ár en unnt er að flýta eða seinka töku lífeyris í samræmi við ákvæði samþykka sjóðsins.

Örorkulífeyrir: Sjóðfélagi sem ekki er orðinn 67 ára og verður fyrir orkutapi á rétt á örorkulífeyri í samræmi við VI. kafla samþykka sjóðsins að því tilskyldu að hann hafi greitt í lífeyrissjóð að lágmarki í 24 mánuði og hafi sannanlega orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Fjárhæð örorkulífeyris fer eftir áunnum réttindum nema réttur til framreiknings sé til staðar.

Framreikningsréttur örorkulífeyris: Að uppfylltum skilyrðum samþykka LSR á sjóðfélagi rétt á framreikningi örorkulífeyrisréttinda til viðbótar áunnum réttindum. Framreikningur tekur mið af meðaltali réttindaávinnslu sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið og eru réttindi sjóðfélaga framreiknuð líkt og hann hefði greitt til sjóðsins til 65 ára aldurs.

Makalífeyrir: Eftirlifandi maki sjóðfélaga á rétt til makalífeyris í samræmi við samþykktir sjóðsins. Helstu atriði varðandi makalífeyri:

- Fullur makalífeyrir er helmingur af áunnum réttindum hins látna og greiðist hann í þrjú ár. Hálfur makalífeyrir greiðist í tvö ár til viðbótar. Maki kann jafnframt að eiga rétt á framreikningi. Þá er reiknað með þeim réttindum sem sjóðfélagi hefði áunnið sér ef hann hefði greitt iðgjald til 65 ára aldurs. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar.
- Hafi eftirlifandi maki börn sín og hins látna á framfæri er fullur makalífeyrir greiddur þar til yngsta barnið nær 22 ára aldri. Skilyrðin fyrir því eru að hinn látni sjóðfélagi hafi verið virkur greiðandi í sjóðinn við andlát eða verið lífeyrisþegi.
- Sé eftirlifandi maki með a.m.k. 50% örorku er greiddur fullur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélaga.

5.2 Lífeyrissparnaður í tilgreindri séreignardeild: Lífeyrissparnaður í tilgreindri séreign er séreign viðkomandi sjóðfélaga. Reglur um útgreiðslu koma fram í lögum nr. 129/1997 og samþykktum sjóðsins og má sjá hér á eftir í kafla 6. Nú er boðið upp á eina fjárfestingarleið fyrir tilgreinda séreign.

5.3 Áhætta og fyrirvarar

Meðal áhættu í samtryggingardeild er svonefnd lýðfræðileg áhætta sem felur m.a. í sér líkur á langlífi sjóðfélaga, örorkutíðni hjá sjóðfélögum sem og hjúskapartíðni og barneignum sjóðfélaga almennt. Einnig eru réttindi í samtryggingu háð ávöxtun eigna samtryggingardeildar. Eins getur komið til þess að sjóðurinn þurfi að auka eða minnka tryggingaréttindi í samtryggingardeild. Þar geta einkum haft áhrif þróun á tryggingafræðilegum og lýðfræðilegum forsendum sem og ávöxtun eigna samtryggingardeildar og verðlagsþróun.

Meðal áhættuþátta í tilgreindri séreign er þróun ávöxtunar og að sjóðfélagi fullnýti lífeyrissparnaðinn sinn á skemmri tíma en hann þarf til framfærslu eða annarrar ráðstöfunar.

Réttindi grundvallast á gildandi samþykktum: Athygli er vakin á því að þær upplýsingar sem hér eru raktar um réttindi í samtryggingardeild og í tilgreindri séreign eru einungis settar fram til að einfalda sjóðfélaga ákvarðanatöku. Gerður er fyrirvari um mögulegar villur eða ónákvæmni. Ef þessum upplýsingum ber ekki saman við ákvæði samþykktu sjóðsins gilda ákvæði samþykktanna. Því er mikilvægt fyrir sjóðfélaga að kynna sér vel efni samþykktu sjóðsins. Þá er rétt að árétta að réttindi samkvæmt samþykktum geta breyst frá einum tíma til annars.

6. REGLUR UM ÚTGREIÐSLU TILGREINDRAR SÉREIGNAR

Útgreiðsla vegna aldurs: Sjóðfélaga er heimilt að hefja úttekt úr tilgreindri séreignardeild frá 62 ára aldri og skulu greiðslur þá dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innistæðan er undir ákveðinni viðmiðunarfjárhæð.

Útgreiðsla vegna örorku: Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er metið 100% af trúnaðarlækni sjóðsins á hann rétt á að fá inneign sína í tilgreindri séreignardeild greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innistæðan er undir ákveðinni viðmiðunarfjárhæð.

Útgreiðsla vegna andláts: Við andlát rétthafa, sem á inneign á séreignarreikningi í tilgreindri séreignardeild, greiðist inneign hans til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga um lögerfðir. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og fellur þá niður vernd gegn aðför.

7. FYRIRVARI VARÐANDI BREYTINGAR

- 7.1 Þær reglur sem gilda um tilgreinda séreign samkvæmt umsókn þessari byggja á lögum og samþykktum LSR og geta tekið breytingum í samræmi við það.
- 7.2 Fjárfestingarstefna tilgreindrar séreignar er ákveðin af stjórn lífeyrissjóðsins á hverjum tíma. Ef breytingar verða á fjárfestingarstefnu eru þær kynntar á vef LSR.
- 7.3 Stjórn sjóðsins er heimilt að bjóða upp á eina eða fleiri ávöxtunarleiðir í tilgreindri séreignardeild. Heimilt er að loka sparnaðarleidd og færa áunna eign í tilgreindri séreign sjóðfélaga í nýja sparnaðarleidd ef það leiðir af breytingum á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins. Slíkar breytingar er nægilegt að kynna á vef sjóðsins og/eða með bréfi sem stílað er á lögheimili sjóðfélaga samkvæmt þjóðskrá og/eða tilkynnt inn á persónugreinanlegt vefsvæði hans hjá sjóðnum. Heimilt er jafnframt að tilkynna það með öðrum hætti enda byggji það á samþykktum lífeyrissjóðsins eða öðrum reglum sem þar til þær stjórnvöld hafa staðfest.

8. VAL UM ANNAN VÖRSLUAÐILA

ATH: eingöngu þarf að fylla út þennan hluta efóskað er eftir að iðgjald í tilgreinda séreign sé varslað hjá öðrum en LSR.

Þegar vörsluaðili tilgreindrar séreignar er valinn er mikilvægt að hafa í huga:

- Hvaða þóknun er tekin af iðgjaldinu
- Hvort hægt sé að nota iðgjaldið til kaupa eða sem greiðslu inn á lán vegna fyrstu fasteignar
- Hvort samningnum fylgi gengiskostnaður
- Hvaða kostnaður fylgi því að flytja iðgjaldið til annars vörsluaðila síðar
- Hvaða kostnaður fylgi uppsögn samnings

Í tilgreindri séreign hjá LSR er:

- **Engin** þóknun tekin af iðgjaldi í tilgreinda séreign
- **Hægt** að nota iðgjaldið til greiðslu á fyrstu fasteign
- **Enginn** gengiskostnaður
- **Enginn** kostnaður við að flytja iðgjaldið til annars vörsluaðila
- **Enginn** kostnaður við að segja upp samningi

Ég óska eftir því að LSR flytji iðgjaldahluta minn vegna tilgreindrar séreignar til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
ATH: Nauðsynlegt er að hafa áður gert samning við viðkomandi vörsluaðila.

Ég óska eftir því að LSR flytji uppsafnaða tilgreinda séreign mína hjá Séreign LSR til annars vörsluaðila.
ATH: Flutningsbeiðni þarf jafnframt að berast LSR frá þeim vörsluaðila.

Nafn vörsluaðila

Kennitala vörsluaðila

Ég hef kynnt mér gjöld, þóknunir, flutningskostnað, gengiskostnað og takmarkanir sem gætu fylgt vörslu ofangreinds vörsluaðila.

Flutningur á iðgjaldi til annars vörsluaðila fer fram eins fljótt og kostur er eftir að iðgjald berst lífeyrissjóðnum. Tafir geta orðið á flutningi iðgjalds m.a. vegna þátta sem varða samræmda og örugga framkvæmd á flutningi iðgjalda.

Staður og dagsetning

Undirskrift sjóðfélaga